

Skipulagsskrá

fyrir Aurora Observatory

Heiti

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Aurora Observatory og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit.

Markmið

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að koma á fót og reka rannsóknarsetur sem einbeitir sér að rannsóknum á norðurljósum, loftslagi og lífríki á norðurslóðum og öðrum tengdum rannsóknum og verkefnum í samstarfi kínverskra, íslenskra og alþjóðlegra aðila. Einnig að skipuleggja og sjá um kynningarstarfsemi vegna starfseminnar, þ.m.t. rekstur gestastofu.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að keypt og/eða leigð verði fasteign undir rannsóknarsetur og aðbúnað og rekstur tengdan því.

Stofnendur

4. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru Arctic Portal ehf. kt. 620372-0569, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs. kt. 551298-2729, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. kt. 610584-0399, Atvinnuefning Þingeyjarsveitar ehf. kt. 671210-0260 og Kjarni ehf. kt. 500303-3520.

Stofnfé

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.045.000.-, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. í jöfnun hlutföllum. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Stjórn 6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn skv. tilnefningum þannig:

- Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) tilnefnir tvo og skal annar þeirra gegna stöðu formanns.
- Heimskautsstofnun Kína (Polar Research Institute of China - PRIC) tilnefnir tvo.
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga tilnefnir einn.

Að öðru leiti en að ofan greinir skiptir stjórnin sjálf með sér verkum og kýs sér varaformann og ritara. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum.

Fundarboðun 7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Aðrar stjórnareiningar 8. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn er einnig heimilt að skipa faghópa til ráðgjafar um afmörkuð viðfangsefni á verksviði stofnunarinnar. Skal við skipan þeirra koma skýrt fram hvert hlutverk og umboð þeirra er ásamt starfstíma.

Endurskoðendur 9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur/skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Reikningsárið

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Breyting samþykkt, slit og sameining:

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

Staðfesting sýslumanns

12.gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á stjórnarfundum 11. nóvember 2019 á Húsavík í Norðurþingi.

Undirskriftir stjórnarmanna

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.